



**Fundargerð 20. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 18. september 2015, kl. 9:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.**

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Gísli Heiðarsson, Ásgeir Eiríksson, Johan D Jónsson, Laufey Kristjánsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir, Guðjón Þ. Kristjánsson, Hanna María Kristjánsdóttir, Kjartan Már Kjartansson, Sverir Guðmundsson, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjaness).

### **1. Aðild að European Geoparks Network**

Reykjanes Geopark fékk þann 5. september sl. aðild að European Geoparks Network. Stjórnin fagnar góðum árangri og leggur áherslu á að nýta tækifærið sem nú gefst til innri markaðssetningar.

### **2. Skýrsla stjórnar 2014-2015**

Skýrsla stjórnar 2014-2015 lögð fram. Vísað til aðalfundar.

### **3. Tillaga að árgjöldum 2016**

Formaður leggur fram tillögu að árgjöldum 2016. Samþykkt að leggja tillöguna fyrir aðalfund.

### **4. Skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags við Brimketil**

Landmótun hefur unnið skipulagslýsingu fyrir Brimketil og aðliggjandi útivistarsvæði. Áhersla er lögð á bætt og öruggara aðgengi og aukið gildi svæðisins til útivistar. Áætlanir gera ráð fyrir að skipulagið verði staðfest í nóvember/desember. Samþykkt að auglýsa skipulagslýsinguna.

### **5. Auglýsingar á áningarstöðum fyrir ferðamenn**

Rætt um auglýsingar á áningarstöðum fyrir ferðamenn í Reykjanes Geopark. Verkefnastjóri leggur fram tillögur að viðmiðum fyrir auglýsingar á áningarstöðum fyrir ferðamenn á næsta fundi stjórnar. Stjórnin felur verkefnastjóra að óska eftir því við Reykjanesbæ að auglýsingaskilti við Brú milli heimsálfa verði fjarlæggt.

### **6. Útfellingar á Reykjanesi**

Kristín Vala sagði frá auknum náttúrulegum alfa og beta geislunum í borholum á Reykjanesi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.

Fundargerð ritaði: ESJ